

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. Nýtt deiliskipulag. Suðureyrarmalir, Suðureyri.

Deiliskipulagið tekur til Suðureyrarmala og næsta nágrennis til sjávar, þ.e. Brekkustígs, Eyrargötu, Skólagötu, Stefnisgötu, hluta Aðalgötu, Freyjugötu og Hlíðavegar og Hjallavegar að norðanverðu. Skipulagssvæðið er um 5,4 ha að stærð.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 33 nýjum eða endurbyggðum lóðum innan skipulagssvæðisins. Einnig er gert ráð fyrir möguleikum til að auka byggingarmagn á öllum lóðum innan svæðisins, nema einni sem er fullbyggð. Sérstök áhersla er lögð á verndun elstu byggðarinnar og endurreisn horfinnar byggðar.

2. Nýtt deiliskipulag. Kaldárvirkjun á Hvilftarströnd, Önundarfirði.

Deiliskipulagið felur í sér að reist verði lítil rennslisvirkjun þar sem árvatn rennur eftir náttúrulegum farvegi og er nýtt í inntakslónum, með yfirfalli fyrir umframvatn.

Fyrirhugað skipulagssvæði Kaldárvirkjunar mun liggja með Kaldánni, frá Hvilftarströnd að fremsta hluta Kaldárdals.

3. Nýtt deiliskipulag. Þverárvirkjun í Breiðadal, Önundarfirði.

Deiliskipulagið felur í sér að reist verði lítil rennslisvirkjun þar sem árvatn rennur eftir náttúrulegum farvegi og er nýtt í inntakslónum, með yfirfalli fyrir umframvatn. Skipulagssvæði Þverárvirkjunar í Breiðadal, mun liggja með ánni sem á upptök sín innst í Þverdal í norðanverðum Önundarfirði.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 23. nóvember 2016.

Axel Rodriguez Överby skipulagsfulltrúi.